

## Hið mikla frelstríð; frelsun kvenna, kynlífs, kyns og mannkyns: 2

Hinseginfræði Judith Butler eru nú námsefni handa börnum í „kynjafræði“ á Vesturlöndum. Í hnotskurn: Kyn verður til fyrir gjörning orðanna, í samtali, og því síkvikt og breytilegt. Hvítir karlar beita skilgreiningarofbeldi til að sannfæra börn um, að þau séu annað tveggja karlkyns eða kvenkyns. Börn ættu að varpa af sér oki slíks ofbeldis og skilgreina kyn sitt sjálf. Fræði Judith endurspeglast þegar í löggjöf um „kynrænt sjálffræði.“ [5]

Næsti, stóri áfanginn í hugmyndafræði kven- og kynfrelsunar markast af útgáfu bókar Donna Haraway, árið 1985; „Tölvumennaávarpinu. Vísindum, tækni og jafnaðarkvenfrelsun“ (A Cyborg Manifesto. Science, Technology, And Socialist Feminism). Donna lýsir viðhorfum sínum sem „tæknimannúð“ (techno humanism).

„Cyborg“ eða tölvumenni skilgreinir Donna sem samruna tölvu- eða stýritækni (cybernetics) og manns (töluvdyr er einnig unnt að skapa). Tölvumenni er sköpunarverk kynfirringartímaskeiðsins (postgender). Í þessu sköpunarverki felst frelsun (liberation), þ.e. í uppbyggingu vitundarinnar, og felur í sér sköpunarmátt og reynslu kvenna síðan á tuttugustu öldinni og viðleitni til frelsunar frá hefðum vestrænna vísinda og stjórn mála, þ.e. hefð karlþrunginnar auðvaldshyggju og kynþáttafordóma.

Tölvumenni endurspeglar nýsköpun, bæði með tilliti til einstaklings og samfélags, samkvæmt skilningi kvenfrelsara (self feminist must code). Tölvumenni leitast ekki við að endurskapa fjölskylduna, játaast ástinni eða eðla sig, fjölga sér. Beitt verður samskipta- og líftækni við að endurskapa líkamann.

Það vakir fyrir Donnu – eins og Judith reyndar – að endurskoða (challenge) bæði hefðbundin hugtök eins og kynskilning eða kynskilgreiningu (essentialist/biological) og sjálfsskilning (identity). Aukin heldur lýsir höfundur efnislegum breytingum á félagslegum raunveruleika vorum. Í því felst ávarpið eða nánar tiltekið það að semja kaldhæðnislega goðsögn stjórn mála, sem er trú kvenfrelsun, jafnaðarhyggju (socialism) og efnishyggju.“

Verkið er rökstuðningur fyrir þeirri ánægju að rugla fólk í ríminu. Það er einnig viðleitni til að leggja af mörkum til jafnaðarkvenfrelsunarfræða (socialist-feminist) um menningu, ójarðbundinnar hugmáttarhugsunar (postmodernist, non-natural) og drauma um kynfrjálsa veröld. Hún bendir á, að hið kvenlega sé ekkert sérstakt, hugtakið, „kona,“ sé margrætt.

Enn sækja kvenfrelsunarfræðimenn innblástur í verk Shulamith og Judith. Fyrir þrem árum síðan (2021) kom út merkilegt ritsafn í ritstjórn Jules Joanne Gleeson og Elle O'Rourke, „Kynskiptabyltingarfræði“ (Transgender Marxism) á forlaginu, „Pluto Books.“ Höfundar fjalla um reynslu kynskiptaaflienda (trans survival), raunir þeirra og kúgun í auðlegðarsamfélaginu. Hræðsluáróðri „öfgafullra hægri manna“ gegn „kynhugmyndafræði“ (gender ideology) eru líka gerð skil. Rosa Lee lýsir svo þeirri skoðun sinni, að nú muni kynskiptingar skipa úrvalssveit byltingarmanna, þ.e. í byltingu öreiganna í anda Karl Marx. [6]

Draumur kvenfrelsaranna er einnig draumur Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum). Það er félagsskapur auðkýfinga, stjórnámálanna og annarra áhugamanna um alheimsyfirráð – eina alheimsstjórn. Slík stjórn er reyndar á dagsskrá Sameinuðu þjóðanna líka. Til fróðleiks má geta þess, að það voru sömu auðkýfingar (eða sjóðir þeirra), sem fjármögnuðu kvenfrelsunarhreyfinguna, þegar önnur bylgja hennar brast á, skömmu eftir miðja síðustu öld.

Á u.þ.b. tuttugu ára tímabili skutu rötum bæði kvenfrelsunar- og náttúruverndarhugmyndafræðin, samtímis eflingu gamalla hugmynda um fækkun mannkyns, mannþætur (eugenics), mengun náttúrunnar (þ.m.t. loftslag) og heimsvaldastefnu Vesturlanda, sér í lagi Bandaríkjanna. Fækkun karla er kvenfrelsurum þó hugstæðari en fækkun kvenna. [7]

Rockefeller-ættin (sem stundum er kölluð „veraldleg“ ásjóna Rothschild-ættarinnar eins og bankaveldi John Pierpont Morgan (1837-1913)) kemur víða við sögu, hvort heldur er um að ræða stuðning við kvenfrelsun, stofnun auðkýfingasamtaka eins og Bilderberghópin og Rómarsklúbbsins. Ættin stuðlaði líka að stofnun Sameinuðu þjóðanna (gaf land undir byggingu þeirra m.a.) og Þríhliða ráðsins (Trilateral Commission- Tricom), ráðs auðvaldsstjórn málafla í Bandaríkjunum, Vestur-Evrópu og Japan. [8]

Gagnkvæm hugmyndafræðileg frjóvgun átti sér stað á þessum árum. Helstu rit kvenfrelsunarjöfra annarrar bylgju (sem allar segja meira eða minna það sama) komu út á sama skeiði og loftlagshamfarabíblía Rómarsklúbbsins (Club of Rome), „Takmörk vaxtar“ (Limits to Growth- 1971). [9]

Þrem árum, eftir útgáfu bókarinnar, lét Klúbburinn eftirfarandi frá sér: „Jörðin þjáist af krabbameini. Krabbinn er maðurinn. ... Heimsbúar horfast í augu við dæmalausar vandræðaflækjur eins og offjölgun mannkyns, fæðuskort, ósjálfbærar auðlindir, umhverfismengun og slæma stjórnun.“ [10]

Sama má segja um þróun kvenfrelsunarlöggjafar og-alþjóðasáttmála, svo og um loftlagshamfarir og atvinnulíf, sbr. merkilega skýrslu, sem unnin var af George Dvorsky og James Hughes, á vegum „Stofnunar um siðfræði og sprotatækni“ (Institute of Ethics and Emerging Technologies) í umboði kanadísku stjórnarinnar. [11]

Grundvallartónninn endurspeglar kvenfrelsunarfræðin, þ.e. veröldin er á barmi tortímingar af völdum bleikskinna af karlkyni, þ.e. hvíttra karlmanna, sem eru of graðir og gráðugir, borða of mikið kjet, kúga konur og móður náttúru, Gaia, og nauðga öllu, sem þeir komast yfir.

Maurice Stong,(1929-2015), sem var eins konar samnefnari Alheimsefnahagsráðsins, Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegs bankaveldis – einkum Rockefeller-veldisins, samsinnti kvenfrelsurunum. Á Umhverfisstofnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992, sagði Maurice:

„Það má ljóst vera, að lífshættir og neyslumynstur efnaðrar millistéttar um þessar mundir – sem nær til verulegrar kjötneyslu, neyslu mikils magns frystra matvæla og tilbúinnar fæðu (convenience foods), brennslu jarðefnaeldsneytis, notkunar tækjabúnaðar, loftkælingar á heimilum og vinnustöðum, ásamt búsetu í úthverfum – er ekki sjálfbært.“ [13]

Árið 1991 var svo lagður grundvöllur að nýjum sameiginlegum trúarbrögðum mannkyns, þegar Rómaklúbburinn gaf út nýju biblíuna; „Fyrstu alheimsbyltinguna: Skýrslu ráðs Rómaklúbbsins“ (The first global revolution: A report by the council of the Club of Rome). Þar skrifar Alexander King (1906-2007), einn stofnenda þessarar virðulegu samkundu:

„Í leitinni að sameiginlegum óvini til að skipa okkur saman fæddist sú hugmynd, að mengun, ógnin af ofhitun alheimsins, vatnsskortur, hungursneyð og þess háttar, væri líkleg til árangurs. ... Hinn raunverulegi óvinur væri mannkynið sjálft.“ [12]

Indverski kvenfrelsarinn, Vandana Shiva (f, 1952), tekur meira að segja svo djúpt í árinna að kalla nútíma áburð gereyðingarpöpn. „Loftlagsbreytingar kalla ég efnaskiptasjúkdóm jarðarinnar. Áburður er gereyðingarpöpn. Áburðarnotkun er stríði líkust, því áburður rekur rætur til stríðs.“ [14]

Því þyrfti, segir Vandana, að hverfa aftur til búskaparháttar, sem tíðkuðust fyrir tíma iðnbyltingar, svo sefa megi reiði Gaia. Hamfarahlýnunarpáfarnir eru á sömu skoðun. Hiti á jarðarkringlunni má ekki víkja nema eina og hálfa gráðu frá hitastigi fyrir iðnbyltingu, jafnvel þótt enginn viti, hvert það var.

Kvenfrelsarar hafa fylkt saman öllum þeim, sem harma eiga að hefna gagnvart bleikskinnnum, í samskipunarkvenfrelsunarhreyfingu (intersectional feminism). Þar er að finna litskinna og alls konar hinsegin og öðruvísi fólk með tilliti til kynferðis og kynlífs. Gyðingar (Anti Defamation League – ADL) er síðasta viðbótin við heraflann. Þessir hópar hafa, að eigin sögn, öðlast heilagan rétt til hefnda á kúgurum sínum- og beita honum óspart.[5]

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304052>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/10/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304102>

[https://www.jstor.org/stable/pdf/48749190.pdf?refreqid=fastly-default%3A8408e1da178dd8b2301ec2ae2293e2a3&ab\\_segments=0%2Fbasic\\_phrase\\_search%2Fcontrol&origin=&initiator=search-results&acceptTC=1](https://www.jstor.org/stable/pdf/48749190.pdf?refreqid=fastly-default%3A8408e1da178dd8b2301ec2ae2293e2a3&ab_segments=0%2Fbasic_phrase_search%2Fcontrol&origin=&initiator=search-results&acceptTC=1)

<https://www.plutobooks.com/9780745341668/transgender-marxism/>

<https://internationalviewpoint.org/spip.php?article7213>

[6] <https://www.amazon.com/Revolve-Mans-Scientific-Rise-Godhood-ebook/dp/B004JF4M60>

[https://archive.org/details/anarchy\\_Cyborg\\_Manifesto\\_Harroway/page/n3/mode/2up](https://archive.org/details/anarchy_Cyborg_Manifesto_Harroway/page/n3/mode/2up)

[https://warwick.ac.uk/fac/arts/english/currentstudents/undergraduate/modules/fictionnarrativemediaandtheoryinthe21stcentury/manifestly\\_haraway\\_---\\_a\\_cyborg\\_manifesto\\_science\\_technology\\_and\\_socialist-feminism\\_in\\_the\\_...pdf](https://warwick.ac.uk/fac/arts/english/currentstudents/undergraduate/modules/fictionnarrativemediaandtheoryinthe21stcentury/manifestly_haraway_---_a_cyborg_manifesto_science_technology_and_socialist-feminism_in_the_...pdf)

<https://www.youtube.com/watch?v=Q9gis7-Jads>

<https://www.youtube.com/watch?v=XiF9SBrzWoU>

[7] <https://www.aier.org/article/overpopulation-an-ancient-myth-refuted/>

<https://frettin.is/2023/01/18/ondvegisovinur-rikisins-jordan-peterson-og-meningarbyltingin-a-vesturlondum/>

<https://www.globalresearch.ca/boom-trilateral-commission-declares-2023-year-one-new-global-order/5812598>

<https://www.technocracy.news/trilateral-commission-the-secret-circle-that-controls-governments/>

<https://www.trilateral.org/about/members-fellows/>

[8] <http://www.williamengdahl.com/gr22October2022.php>

[9] <https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304056>

[10] <https://web.archive.org/web/20120112140039/http://www.green-agenda.com/turningpoint.html>

<https://expose-news.com/2024/07/09/the-dark-origins-of-the-great-reset/>

[11] <https://www.visir.is/g/20201384476d/lagaleg-kugun-karla>

[Wayback Machine \(archive.org\)](https://www.archive.org)

<https://corbettreport.com/biodigital-convergence-bombshell-document-reveals-the-true-agenda/>

<https://www.visir.is/g/202024327d/kven-frelsun-og-kven-verndar-log>

[12] <https://quadrant.org.au/opinion/doomed-planet/2015/12/discovering-maurice-strong/>

[13] <https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304046>

[14] <https://spacecommune.substack.com/p/energyempire-part-2-ideological-war>